



# Ytra mat

## Leikskólinn Birkilundur

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –  
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir  
© Menntamálastofnun, 2021  
ISBN 978-9979-0-2724-9

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna . . . . .	5
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Gagnaöflun . . . . .	7
Leikskólinn og umhverfi hans . . . . .	9
Leikskólinn . . . . .	9
Húsnæði og útileiksvæði . . . . .	9
Útileiksvæði . . . . .	9
Starfsmenn. . . . .	10
Hugmyndafræði og áherslur . . . . .	10
Stjórnun . . . . .	11
Stjórnskipulag og skipurit. . . . .	11
Námskrá og áætlanir . . . . .	11
Stjórnun og starfsmenn . . . . .	12
Fagleg forysta . . . . .	12
Starfsandi og starfsánægja . . . . .	13
Uppeldis- og menntastarf . . . . .	15
Námsaðstæður . . . . .	15
Starfshættir . . . . .	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna . . . . .	16
Námssvið. . . . .	16
Velferð og líðan barna. . . . .	17
Mat á námi og velferð barna . . . . .	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl . . . . .	18
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun . . . . .	18
Viðhorf foreldra . . . . .	18
Samstarf við grunnskóla . . . . .	18
Annað samstarf . . . . .	19
Skóli án aðgreiningar . . . . .	20
Skólaþjónusta og sérkennsla . . . . .	20
Börn með annað móðurmál en íslensku . . . . .	20
Innra mat . . . . .	21
Skipulag og viðfangsefni . . . . .	21
Gagnaöflun og vinnubrögð . . . . .	21
Opinber birting og umbætur . . . . .	21
Samantekt matsþátta. . . . .	23
Samantekt . . . . .	24
Lokaorð . . . . .	27
Heimildir. . . . .	28



## Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

### **Leikskólinn og umhverfi hans**

Leikskólinn Birkilundur er þriggja deilda leikskóli sem staðsettur er í tveimur húsum í Varmahlíð í Skagafirði. Hádegismatur er eldaður í grunnskólanum í Varmahlíð en leikskólinn sér sjálfur um að útbúa morgunverð og síðdegishressingu. Húsnæði leikskólans er lítið og þröngt en vel nýtt, snyrtilegt og vel um gengið. Húsnæðið uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum. Í leikskólanum Birkilundi er lögð áhersla á að vinna með þær áherslur sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla, menntastefnu sveitafélagsins og umhverfi leikskólans. Lítið er á leikinn sem helstu kennsluáferð leikskólans.

### **Stjórnun – Skólabragur og samskipti**

Leikskólastjóri hefur stýrt leikskólanum frá 1997. Ekki er aðstoðarleikskólastjóri starfandi við leikskólann en einn deildarstjóri er staðgengill leikskólastjóra. Sjö starfsmenn af 16 eru með leyfisbréf kennara og er því leikskólinn kominn vel á veg með að uppfylla ákvæði laga um hlutfall kennara. Leikskólastjóri og þrjár deildarstjórar mynda stjórnunarteymi sem fundar vikulega. Deildarfundir eru einu sinni í mánuði á hverri deild. Skólanámskrá og starfsáætlun eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans svo og aðrar lögbundnar áætlanir. Skólanámskrá var síðast endurskoðuð árið 2019. Við endurskoðun á skólanámskrá og við gerð starfsáætlunar þarf að huga að aðkomu allra í leikskólasamfélaginu. Í skólanámskrá kemur ekki fram hvernig unnið er að lestrar- og menntastefnu sveitarfélagsins, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ekki eru til gildi og einkunnarorð leikskólans. Vinna þarf verkferla um móttöku nýs starfsfólks og um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum. Gott samstarf er við fræðslustjóra og sækir leikskólastjóri ráðgjöf til hans. Deildarstjórar bera ábyrgð á og skipuleggja starf á deildum ásamt því að leiðbeina starfsfólki m.a. um vinnutímastyttingu og undirbúningstíma. Í rýnihópnum kom fram að undirbúningstímar falli nánast aldrei niður og fær allt starfsfólk einhvern undirbúningstíma. Skipulagsdagur er fimm á árinu og starfsmannafundir eru sextán klst. á ári. Skólabragur og starfsandi er góður og fólk líður almennt vel í vinnunni.

### **Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna**

Unnið er eftir uppeldisaðferðum um frjálstan leik barna og meðal annars er eitt af markmiðunum í námskrá Birkilundar að veita börnunum tækifæri til að læra og þroskast í gegnum leik. Dagskipulag einkennist af frjálsum leik, hópastarfi og útivist. Mikil áhersla er lögð á málrækt og meðal annars er unnið með verkefnið *Lubbi finnur málbein*, einnig er mikið til af heimagerðum kennslugögnum. Fjölbreyttur efniviður er til staðar og aðgengi eldri barna að honum er gott en huga mætti að aðgengi yngstu barnanna að efniviði. Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum. Sýnilegt er að börnunum líður vel og samskipti í hópnum eru góð. Til er verk- og vinnutíma skipulag starfsmanna. Samræmt verklag er með börnum með krefjandi hegðun en notast er við SMT. Unnið er skipulega að mati á námi og velferð barna. Tækifæri felst í því að auka lýðræðislega þátttöku barna í skipulögðum stundum.

### **Foreldrasamvinna<sup>1</sup> og ytri tengsl**

Foreldraráð er starfandi sem og foreldrafélag og hvort tveggja styður vel við leikskólastarfið. Viðhorf foreldra til leikskólans er gott, þeir eru jákvæðir í ummælum sínum um hann, starfsfólk og stjórnendur. Þeir telja að börnunum sé mætt af virðingu og hlýju. Foreldrar tala um að vinátta og virðing ríki í leikskólanum og að samvinna sé á milli starfsfólks og deilda. Til er upplýsingarrit með hagnýtum

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

upplýsingum um leikskólann sem foreldrar fá þegar barnið byrjar í leikskólanum. Deildarstjórar nota facebook-síðu deildarinnar til að koma upplýsingum til foreldra. Huga mætti að því að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum. Til er skráð verklag um samstarf leik- og grunnskólans sem heitir *Gaman saman* og formlega er staðið að upplýsingum um börn sem fara á milli skólstiga.

### ***Skóli án aðgreiningar***

Fræðslustjóri Skagafjarðar er yfirmaður sérfræðiþjónustu í sveitafélaginu og leitar leikskólinn þangað með ráðgjöf og greiningu. Deildarstjórar bera ábyrgð á sérkennslu á sinni deild en sérkennslustjóri er ekki starfandi í leikskólanum. Farið er eftir ákveðnu verklagi þegar grunur vaknar um þroskafrávik barna. Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik. Allt starfsfólk er upplýst um þroskafrávik barna og gerð er einstaklingsnámskrá þegar það á við. Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir, komi upp grunur um þroskafrávik hjá barni og hafa aðgengilegt á heimasíðu. Aðstaða í leikskólanum fyrir sérkennslu er óviðunandi. Móttökuáætlun fyrir börn með annað móturmál en íslensku er ekki til staðar.

### ***Innra mat***

Notast er við sjálfsmatsaðferðina *Hversu góður er leikskólinn okkar?* En það er skosk sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Samkvæmt þessari aðferð er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu. Foreldra- og starfsmannakannanir Skólapúlsins eru nýttar í innra mat. Skipa þarf matsteymi með aðkomu helstu hagsmunaaðila svo sem starfsfólks og foreldra. Huga þarf að þátttöku barna í innra mati leikskólans. Gera þarf skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í leikskólastarfi. Til er matsáætlun til þriggja ára. Tímasetja þarf umbætur í umbótaáætlun, tilgreina ábyrgðaraðila og hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

## Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Birkilundi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi fyrsta til þriðja nóvember 2021. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.<sup>2</sup>

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

## Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.<sup>3</sup> Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 18. október á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu þrjá daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, kennara, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og haft var samband við fræðslustjóra Skagafjarðar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Stuðst var við foreldrakönnun Skólalámsins<sup>4</sup> sem lögð var fyrir í febrúar 2021.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.<sup>5</sup> Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

2 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

3 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

4 Skólalámsinn er vefkerfi sem leggur staðlaðar foreldra- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

5 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.



## Leikskólinn og umhverfi hans

### Leikskólinn

Birkilundur er þriggja deilda leikskóli staðsettur í Varmahlíð í Skagafirði. Leikskólinn var opnaður sem tveggja deilda leikskóli í janúar 1999 og tók þá við af leikskólanum Hvannahlíð sem hafði verið starfræktur frá 1982. Í mars 2016 var þriðja deildin opnuð í húsnæði sem áður hýsti pósthús sveitafélagsins. Leikskólinn er í dag starfræktur í tveimur húsum en hefur jafnframt aðgang að þriðja húsinu, litlu timburhúsi, Furulandi, sem stendur sunnan við útileiksvæði eldri deilda. Á deildinni Reynilandi sem staðsett er í gamla pósthúsinu eru 11 börn fædd 2019 og 2020. Á deildinni Kvistalandi eru 13 börn fædd 2018 og 2019 og á Könglalandi eru 13 börn fædd 2016 og 2017. Í leikskólanum dvelja 37 börn, 17 stúlkur og 20 drengir. Eitt barn er með skilgreinda sérkenndu og fimm börn hafa annað móðurmál en íslensku. Hádegismatur er eldaður í grunnskóla Varmahlíðar og keyrður í leikskólann. Morgunverður og síðdegishressing eru útbúin í leikskólanum. Leikskólinn er opinn virka daga frá klukkan 7:45–16:15.

### Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans er í tveimur aðskildum húsum. Tvær deildir eru í timburhúsi sem var byggt sem slíkt. Deildarnar Kvistaland og Könglaland eru hvor í sínum enda hússins og samanstandur hvor deild af tveimur leikstofum og hreinlætisaðstöðu. Í fremri leikstofum hefur verið stúkað af rými til geymslu á náms- og leikefnivið. Í miðju hússins er inngangur bæði frá bílastæði öðrum megin og útileiksvæði hinum megin. Þar er sameiginlegur fataklefi fyrir börnin, skrifstofa leikskólastjóra, hreinlætisaðstaða fyrir starfsfólk, eldhús, þvottahús og kaffistofa sem jafnframt er nýtt til undirbúningsvinnu. Reyniland deild fyrir yngstu börn leikskólans er staðsett í húsnæði sem áður var pósthús. Þar eru tvær leikstofur, hreinlætisaðstaða, fataklefi, skrifstofa, kaffistofa og salerni fyrir starfsfólk. Um áramótin stendur til að stækka húsnæði Reynilands með því að taka í notkun hinn enda hússins sem áður hýsti banka. Bæði húsin standa nálægt þjóðvegi og er töluverð fjarlægð á milli þeirra. Á milli húsanna eru krossgötur og stórt bílastæði við bensínstöð þar sem oft fara um stórir bílar. Þá hefur leikskólinn aðgang að litlu timburhúsi, Furulandi, sem stendur sunnan við útileiksvæði eldri deilda. Þar eru þrjú rými, eldhúskrúkur og salerni. Þetta hús er aðallega nýtt undir viðtöl og fundi ásamt því að einu sinni í viku er þar sameiginlegur kaffitími fyrir starfsfólk. Að mati matsaðila mætti með svolitlum tilkostnaði og lagfæringu nýta þetta húsnæði betur til dæmis sem vinnurými fyrir kennara og annað starfsfólk til að létta á húsnæðinu.

Húsnæði leikskólans er lítið og þröngt en vel nýtt, snyrtilegt og vel um gengið. Húsnæðið uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum. Ekki er rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir né fjölnotarými til hreyfileikja, þjálfunar, listsköpunar og annarra viðburða. Vinnurými fyrir leikskólastjóra og annað starfsfólk svo og setustofa fyrir starfsfólk eru óviðunandi. Fataklefar eldri deilda eru litlir og þröngir. Undirbúningstímar starfsmanna á eldri deildum eru teknir í kaffistofu starfsmanna sem rúmar ekki nema fjóra starfsmenn. Til að hægt sé að hafa undirbúningstímann samfelldan og lengri í hvert sinn er kaffitímum sleppt nema einu sinni í viku þá tekur starfsfólk kaffitíma saman í Furulandi. Í starfsáætlun Birkilundar 2020–2021 birtir foreldraráð Birkilundar greinargerð um ástand húsnæðis og hvetur sveitafélögin í Skagafirði og fræðslunefnd til að hraða vinnu við uppbyggingu skólastarfs í Varmahlíð.<sup>6</sup> Í rýnihópum var fólki tíðrætt um húsnæðisvanda leikskólans og sagðist fólk vera þreytt á aðgerða- og úrræðaleyfi sveitafélagsins varðandi húsnæðisvandann.<sup>7</sup>

### Útileiksvæði

Útileiksvæði eldri deilda er rúmgott og vel búið leiktækjum staðsett í fjölbreyttu umhverfi. Það liggur að skógarreit sem Skógræktarfélag Skagafjarðar á sem veldur því ásamt hæðóttu landslagi að mikið skjól er á útileiksvæðinu. Þá nýtir leikskólinn skóginn til leikja og útináms. Útileiksvæði og umhverfi býður upp á fjölbreytt tækifæri til náms, leikja og hreyfingar.

6 Starfsáætlun leikskólans Birkilundar veturinn 2020–2021.

7 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar deildarstjóra, kennara, starfsfólks og foreldra.

Útileiksvæði Reynilands er lítið og fá leiktæki en vel við hæfi yngstu barnanna. Útileiksvæðið er í brekku og opnu svæði. Að mati starfsmanna á Reynilandi vantar jafnsléttu fyrir svo lítil börn, fleiri rólur við þeirra hæfi og þá er ekki nægilegt skjól í garðinum. Báðum útileiksvæðum er vel við haldið.

Í viðtali við starfsfólk og foreldra kom fram ánægja með útileiksvæði eldri deilda og umhverfi leikskólans og hve vel það nýtist til leikja og náms.<sup>8</sup>

## Starfsmenn

Við leikskólann starfa 16 starfsmenn í 13,88 stöðugildum. Eingöngu konur starfa við leikskólann. Leikskólastjóri sem er með kennaramenntun og meistaraþráðu í stjórnun hefur starfað sem slíkur síðan 1997. Fjórir stjórnendur mynda stjórnendateymi þ.e. leikskólastjóri og þrír deildarstjórar, allir með kennaramenntun. Ekki er aðstoðarleikskólastjóri við leikskólann en einn deildarstjóri er staðgengill leikskólastjóra þegar það á við. Auk deildarstjóra eru þrír starfsmenn með leyfisbréf kennara og sjö með leikskólaliðamenntun. Tveir starfsmenn eru með stúdentspróf og starfar annar þeirra í eldhúsi eldri deilda í 0,72% stöðu. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki  $\frac{2}{3}$  hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara. Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi en nýliðið haust reyndist erfitt vegna veikinda. Mikill mannauður og reynsla er í starfsmannahópnum.<sup>9</sup>

## Hugmyndafræði og áherslur

Í leikskólanum Birkilundi er lögð áhersla á að vinna með þær áherslur sem fram koma í aðalnámsskrá leikskóla, menntastefnu sveitafélagsins og umhverfi leikskólans. Lítið er á leikinn sem helstu kennsluaðferð í leikskólanum.<sup>10</sup> Markmið Birkilundar eru: 1. Að veita börnum tækifæri til að þroskast í gegnum leik. 2. Að efla félagslega færni barna. 3. Að stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði barna. 4. Að efla málþroska barna. 5. Að styrkja sjálfsmynd og efla sjálfstæði barna. 6. Að kenna börnum að virða náttúruna og njóta hennar. Daglega er gefinn góður tími fyrir sjálfsprottinn leik, boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til að vinna með og unnið með sérstök viðfangsefni í minni hópum. Nýtt eru verkfæri eins og SMT, Stig af stigi, Leikur að læra, Tákn með tali, Læsi í leikskóla og könnunarleikur.<sup>11</sup> Leikskólinn hefur ekki sett sér einkunnarorð eða gildi.

## Styrkleikar

- Útileiksvæði og umhverfi leikskólans býður upp á fjölbreytt tækifæri til náms, leikja og hreyfingar.
- Leikskólinn er kominn vel á veg með að uppfylla ákvæði laga um hlutfall kennara.
- Húsnæði leikskólans er vel nýtt, snyrtilegt og vel um gengið.

## Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að lágmarki  $\frac{2}{3}$  hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Húsnæði uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 s.s. rými fyrir sérfræðiþjónustu, fjölnotarými, vinnurými starfsmanna, setustofa starfsmanna o.fl. og er brýnt að bæta úr því.

8 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópur kennara, starfsfólks og foreldra.

9 Viðtal við leikskólastjóra.

10 Skólanámsskrá Birkilundar.

11 Ársáætlun Birkilundar 2021–2022.

## Stjórnun

### Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Birkilundar er sveitafélagið Skagafjörður, í samvinnu við Akrahrepp, sem rekur þrjá leikskóla á fjórum stöðum. Þjónusta við leikskólana er á vegum fræðslunefndar og er fræðslustjóri yfirmaður leikskólastjóra. Leikskólastjóri fer einu sinni á ári í starfsþróunarsamtal til fræðslustjóra. Leikskólastjórar í Skagafirði hafa samráðsfundi mánaðarlega og situr fræðslustjóri þá fundi reglulega. Fundargerðir af þeim fundum fara til leikskólastjóra og fræðslustjóra. Leikskólastjóri segir samstarf við fræðslustjóra vera gott og gott sé að leita til hans eftir ráðgjöf.<sup>12</sup> Í símaviðtali við fræðslustjóra Skagafjarðar kom fram að samskipti við leikskólastjóra eru góð, hann heldur vel utan um fjárhagsáætlun leikskólans og er fylginn sér í málum og berst fyrir starfsfólk sitt.<sup>13</sup> Leikskólinn hefur aðgang að talmeinafræðingi, sálfræðingi, þroskaþjálfara og félagsráðgjafa frá sveitafélaginu. Ný menntastefna Skagafjarðar var gefin út 2020. „Meginmarkmið menntastefnunnar er að skapa umgjörð um skólasamfélagið þar sem börn og ungmenni í Skagafirði búa við framúrskarandi skilyrði til þroska og menntunar, þar sem þörfum hvers og eins er mætt á einstaklingsgrunni skv. hugmyndafræðinni *Menntun fyrir alla*.<sup>14</sup> Ásamt því að taka mið af gildandi lögum og reglugerðum tekur menntastefnan mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðunum.<sup>15</sup> Lestrarstefna Skagafjarðar kom út 2017 og var unnin af læsisráði Skagafjarðar sem í sitja fulltrúar frá öllum leik- og grunnskólum í Skagafirði. Samhliða lestrarstefnunni útbjó læsisráð *gæðagreinar* sem skólarnir geta notað í sjálfsmati til að meta hvernig gengur að framfylgja lestrarstefnunni. Lestrarstefnan á að vera hluti af reglubundnu sjálfsmati allra skóla í Skagafirði.<sup>16</sup>

### Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Birkilundar kom fyrst út 2007 og hefur verið endurskoðuð reglulega, síðast árið 2019. Leikskólastjóri hafði frumkvæði að endurskoðun á skólanámskrá og segir hann allt starfsfólk hafa komið að gerð hennar. Foreldrar með þeim hætti að foreldraráð las yfir og samþykkti en börnin komu ekki að gerð hennar.<sup>17</sup> Deildarstjórar könnuðust við að hafa komið að gerð skólanámskrár og annað starfsfólk sagðist hafa lesið yfir og komið með athugasemdir.<sup>18</sup> Skólanámskrá er birt á heimasíðu leikskólans. Skólanámskráin uppfyllir að einhverju leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá leikskóla 2011, lögum og reglugerðum um leikskóla nr. 90/2008. Þó vantar að gera grein fyrir hvernig staðið er að færslu og aðlögun barna á milli skólastiga og hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða í grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 856/2011. Samkvæmt aðalnámskrá á enn fremur að koma fram í skólanámskrá hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati. Í skólanámskrá ætti að koma fram hvernig unnið er að menntastefnu og lestrarstefnu sveitarfélagsins og hver séu gildi og einkunnarorð leikskólans. Þá er ekki minnst á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skólanámskránni. Starfsáætlun fyrir veturinn 2020–2021 og ársáætlun fyrir 2021–2022 ásamt skóladagatali liggja fyrir og eru birtar á heimasíðu leikskólans. Í viðtali við leikskólastjóra og í rýnihópi deildarstjóra kom fram að deildarstjórar geri deildaráætlun sem fer inn í starfsáætlun en að öðru leyti kom starfsfólk ekki að gerð hennar.<sup>19</sup> Starfsfólk í rýnihópi taldi sig hafa komið að gerð hennar með því að lesa yfir og koma með athugasemdir.<sup>20</sup> Á heimasíðu er að finna starfsmannahandbók með hagnýtum upplýsingum. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að starfsmannahandbók sé komin til ára sinna og komið að endurskoðun á henni. Áfallaáætlun er hluti af starfsmannahandbók.<sup>21</sup> Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að starfsmannahandbók væri til en ekki notuð.<sup>22</sup> Í rýnihópi starfsmanna kom fram að starfsfólk þekki starfsmannahandbókina og þyki gott að fletta upp í henni.<sup>23</sup> Verklagsreglur og viðbrögð við slysum liggja fyrir. Slyskráningar eru rafrænar og fær leikskólastjóri afrit af þeim.<sup>24</sup> Aðrar áætlanir sem liggja fyrir og eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans eru: Persónuverndarstefna, Jafnréttisáætlun 2019–2020, Umferðaröryggisáætlun, hreinlætisáætlun, viðbragðsáætlun Almannavarna v/inflúensu, upplýsingarit fyrir foreldra og öryggisbúnaður fyrir börn í bíl.

12 Viðtal við leikskólastjóra.

13 Síamviðtal við fræðslustjóra Skagafjarðar.

14 Menntastefna Skagafjarðar.

15 Menntastefna Skagafjarðar.

16 Lestrarstefna Skagafjarðar.

17 Rýniviðtal við leikskólastjóra.

18 Rýniviðtöl við deildarstjóra, kennara og starfsfólk.

19 Rýniviðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

20 Rýnihópur starfsfólks.

21 Viðtal við leikskólastjóra.

22 Rýnihópur deildarstjóra.

23 Rýnihópur starfsfólks.

24 Viðtal við leikskólastjóra.

## Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi Birkilundar sem er myndað af leikskólastjóra og deildarstjórum fundar vikulega, klukkutíma í senn. Þar fer fram umræða og samráð um skipulag og starfið í leikskólanum. Gert er sameiginlegt vikuskipulag sem fer inn á deildir. Fundargerðir eru skráðar og gerðar aðgengilegar á deildum.<sup>25</sup> Deildarstjórar bera ábyrgð á og skipuleggja uppeldis- og menntastarfið á deildum í samstarfi og samráði við leikskólastjóra og annað starfsfólk, m.a. vinnutímastyttingu og undirbúnings tíma. Í rýnihópum kom fram að undirbúningstímar falli nánast aldrei niður og ef það gerist þá séu þeir greiddir í eftirvinnu. Allt starfsfólk sem ekki á samningsbundinn undirbúningstíma fær einhvern undirbúningstíma sem miðast við ábyrgð á verkefnum.<sup>26</sup> Leikskólastjóri skipuleggur vinnutíma starfsfólks og deildarstjórar skipuleggja hlutverk starfsfólks á deild og sjá um að leiðbeina því.<sup>27</sup> Uppýsingatöflur eru í báðum húsum, forföll eru tilkynnt í leikskólann og sá sem tekur við skilaboðunum skráir forföll á upplýsingatöfluna. Hringt er á milli húsa til að láta vita um forföll.<sup>28</sup> Í rýnihópum deildarstjóra og kennara kom fram að upplýsingasteymi í leikskólanum mætti vera betra, skilaboðin komast ekki alltaf til skila og það sé truflandi að vera í tveimur húsum, svölitið eins og tveir vinnustaðir og fólk viti ekki hvað er að gerast í hinu húsinu.<sup>29</sup> Rýnihóp starfsfólks þykir upplýsingaflæði nokkuð gott og telur starfsfólkið fá þær upplýsingar sem það þarf.<sup>30</sup> Við ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að sækja upplýsingar úr sakaskrá um möguleg brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 95/2019. Skráðir verkferlar um móttöku nýs starfsfólks eru ekki til að sögn deildarstjóra en óski nýr starfsmaður eftir leiðbeiningu í starfi er orðið við því.<sup>31</sup> Verklagsreglur um meðferð ágreinings og eineltismála í starfsmannahópnum liggja ekki fyrir.<sup>32</sup>

Leikskólastjóri er að prófa sig áfram með að fá starfsfólk í þrjú 20 mínútna starfsþróunarsamtöl á ári en hefur fram að þessu verið með eitt á ári. Fyrsta samtal er að hausti og næstu samtöl taka síðan mið af m.a. skráðum niðurstöðum úr fyrra viðtali.<sup>33</sup> Í rýnihópi kennara kom fram að erfitt sé að fara frá deildinni í starfsþróunarsamtal. Fjarveran bitni á því starfsfólki sem eftir er.<sup>34</sup> Leikskólastjóri segist halda skrá yfir símenntun starfsmanna og hvetur fólk til að sækja sér símenntun og reynir að gera því kleift að komast frá. Sveitarfélagið býður upp á námskeið og starfsfólk sem er í námi með vinnu fær styrk til náms.<sup>35</sup> Í rýnihópum var samhljómur um að allir fái tækifæri til símenntunar og starfsfólk sé hvatt til að sækja námskeið. En meira framboð sé á námskeiðum í Reykjavík en fyrir norðan og langt að fara þangað. Einnig kom fram að þó starfsfólk sé hvatt til að sækja símenntun þá vanti afleysingu og það bitni á þeim sem eru í vinnu ef farið er frá.<sup>36</sup> Menntafléttan er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Þar er boðið upp á mörg rafræn námskeið sem eru kennurum og starfsfólki í menntakerfinu að kostnaðarlausu. Starfsfólk Birkilundar er að sækja námskeið þar. Þeir sem sækja námskeið kynna það síðan fyrir hinum í leikskólanum og er ánægja með þetta fyrirkomulag.<sup>37</sup>

Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið. Skipulagsdagar eru fimm á starfsárinu, tveir af þeim eru námskeiðsdagar og er annar þeirra skipulagður af fræðsluviði og hinn er samvinna leikskóla á Norðurlandi vestra eða skólanna í Skagafirði. Starfsmannafundir eru sextán klukkustundir á ári og eru þeir að meðaltali einu sinni í mánuði. Deildarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði á hverri deild þar sem rætt er um starfið á deildinni, börnin og teknar ákvarðanir. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að oft skorti tíma til að koma ákvörðunum í gagn. Ekki eru skráðar fundargerðir.<sup>38</sup>

## Fagleg forysta

Leikskólastjóri segir það meginatriði að hafa starfsfólk með í ákvörðunum. Hann reynir að hlusta á starfsfólkið og gefa því færi á að tjá skoðun sína og metur stöðuna út frá því. Hann segist eiga ágæt samskipti við starfsfólk og reyni að taka tillit til allra. Leikskólastjóri segist fara mikið inn á deildir, oft til að upplýsa starfsfólk og leysa af. Hann reyni þá að veita endurgjöf og hrósa en geri sér grein fyrir

25 Rýniviðtal við leikskólastjóra, rýnihópur deildarstjóra.

26 Rýnihópar deildarstjóra, kennara og starfsfólks.

27 Viðtal við leikskólastjóra.

28 Viðtal við leikskólastjóra.

29 Rýnihópur deildarstjóra og kennara.

30 Rýnihópur starfsfólks.

31 Rýnihópur deildarstjóra.

32 Viðtal við leikskólastjóra.

33 Viðtal við leikskólastjóra.

34 Rýnihópur kennara.

35 Viðtal við leikskólastjóra.

36 Rýnihópur deildarstjóra, kennara og starfsfólks.

37 Rýnihópur deildarstjóra.

38 Rýnihópur starfsfólks.

að hann geri ekki nægilega mikið af því. Oftar veiti hann endurgjöf í starfsmannasamtölum eða með því að kalla starfsfólk inn á skrifstofu. Leikskólastjóri segist eiga góð samskipti við börnin og þau komi oft við hjá honum á skrifstofunni eða eigi spjall við hann inni á deild.<sup>39</sup> Í rýnihópi sögðu deildarstjórar leikskólastjóra vera aðgengilegan. Hann væri duglegur að koma inn á deildir, spjalla við börnin og veita starfsfólki endurgjöf.<sup>40</sup> Í rýnihópi kennara kom fram að leikskólastjóri sé sýnilegri í eldri deilda húsinu. Kennararnir sögðu hann umhyggjusaman ef upp koma persónulegir erfiðleikar en voru þeirrar skoðunar að hann mætti koma meira inn á deildir til að fylgjast með starfinu og veita endurgjöf. Að þeirra mati á hann oft erfitt með að taka á málum, taka ákvarðanir, sýna stjórnunarlegan styrk.<sup>41</sup> Starfsfólk sagði leikskólastjóra sýnilegan og aðgengi að honum væri gott. Það nefndi að hann væri búngóður og vildi þóknast öllum en væri stundum ráðalaus. Þetta leiddi til þess að aðrir innan leikskólans tækju stjórnina.<sup>42</sup> Börnin sögðust þekkja leikskólastjórann. „Hún heitir Steinunn og vinnur í tölvunni á skrifstofunni, stundum kemur hún á deildina og einu sinni var hún að borða með okkur.“<sup>43</sup> Foreldrar sögðust eiga góð samskipti við leikskólastjórann. Sögðu hann vera sýnilegan og auðvelt að ná í hann. Leikskólastjóri sé fljótur að bregðast við komi foreldrar með athugasemdir.<sup>44</sup>

### Starfsandi og starfsánægja

Í viðtölum og rýnihópum leikskólastjóra, deildarstjóra, kennara og starfsfólks kom fram að skólabragur og starfsandi í leikskólanum Birkilundi væri mjög góður. Í því samhengi var meðal annars nefnt að einkennandi fyrir starfsandann væri góð samskipti, traust, áhugi, metnaður, samhjálp, samstaða, virðing og hvatning. Fólk var sammála um að því liði vel í vinnunni, væri stolt af starfi sínu og hrósaði hvert öðru. Fólk sýni frumkvæði og fái mikið frelsi til að prófa nýjungar í starfi. Starfsfólk þorir að tjá sig og tillit er tekið til ólíkra sjónarmiða. Mikill mannauður og gott og áhugasamt starfsfólk einkennir hópinn.

Til að viðhalda góðum starfsanda sér hver deild um samveru starfsfólks utan vinnutíma einu sinni á skólaárinu. Farnar hafa verið námsferðir bæði innan lands og utan. Sumarbústaðaferðir, leikhúsferðir, sveitaferðir o.fl.

### Styrkleikar

- Sveitarfélagið hefur sett fram menntastefnu og lestrarstefnu.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal eru aðgengileg á heimasíðu.
- Sveitarfélagið býður upp á námskeið og styrkir starfsfólk til náms með vinnu.
- Deildarstjórar gera deildaráætlun sem hluta af starfsáætlun leikskólans.
- Undirbúningstímar falla nánast aldrei niður.
- Allt starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Starfsfólk er hvatt til að sækja sér símenntun og leikskólastjóri heldur skrá yfir símenntun starfsmanna.
- Skólabragur og starfsandi er góður.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni og er stolt af starfi sínu.

39 Viðtal við leikskólastjóra.

40 Rýnihópur deildarstjóra.

41 Rýnihópur kennara.

42 Rýnihópur starfsfólks.

43 Rýnihópur barna.

44 Rýnihópur foreldra.

## Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hugmyndafræði og stefnu leikskólans, hvernig vinna á að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tengsl við mennta- og lestrarstefnu Skagafjarðar.
- Í endurskoðaðri skólanámskrá ætti að gera grein fyrir sérfræðiþjónustu, hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig foreldrar og börn eru þátttakendur í innra mati leikskólans, hæfnisþáttum í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.
- Vinna ætti starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Æskilegt er að endurskoða starfsmannahandbók og þar með áfallaáætlun, kynna og hafa aðgengilega öllu starfsfólki.
- Gera þarf verkferla fyrir móttöku og handleiðslu nýs starfsfólks.
- Vinna þarf verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Skoða ætti hvernig bæta megi upplýsingastreymi innan leikskólans.
- Skrá ætti fundargerðir á deildarfundum.
- Leita þarf leiða til að styrkja og handleiða leikskólastjóra sem faglegan leiðtoga.



## Uppeldis- og menntastarf

### Námsaðstæður

Yngstu börnin eru í sér húsnæði þar sem þau hafa tvær heimastofur, hreinlætisaðstöðu og fataklefa. Í annarri heimastofunni eru borð og stólar og mjög lítið pláss er til gólfleikja. Hin stofan er stærri og þar er gott pláss fyrir leik en einnig hvílast börnin þar inni. Fataklefi er notaður til leikja þegar það á við og sáu matsaðilar að börnin voru með sparkbíla þar. Aðgengi barna að leikföngum var lítið sem ekkert. Leikföng voru geymd inni í mjóum skápum með glugga þar sem börnin gátu séð leikföngin. Hilla með úrval bóka var aðgengileg börnunum.

Eldri deildarnar hafa tvær heimastofur og hreinlætisaðstöðu. Gert er ráð fyrir að börnin geti verið í litlum hópum og eru skilrúm og húsgögn notuð til að afmarka svæði, auk þess eru teppamottur á gólfum notaðar til þess að afmarka rými. Í daglegu starfi er leitast við að nýta báðar stofurnar sem best til að skipta börnunum í minni hópa. Á Kvistalandi er borðað í annarri stofunni en þar er einnig felliborð. Á elstu deildinni er borðað í báðum stofunum. Fataklefi er sameiginlegur fyrir báðar deildir.

Fjölbreyttur efniviður er til staðar í leikskólanum og er aðgengi barnanna á eldri deildunum að honum gott. Hillur og skápar eru í þeirra hæð, litir og blöð eru aðgengileg börnunum svo og bækur. Í heima-stofunum hefur verið settur veggur til að stúka af geymslupláss, þar sem meðal annars eru geymd leikföng sem börnin hafa aðgengi að. Í innri stofu elstu deildarinnar er aðstaða til listsköpunar en þar er meðal annars vaskur. Efniviður er hátt uppi í hillum í vel merktum plastkössum og sýnilegur en börnin ná ekki í hann. Málning, penslar og fleira því um líkt er til staðar á öllum deildunum og einnig kom fram að starfsfólk sækir sér efnivið eftir þörfum og notar þá aðstöðu sem er til staðar á deildinni. Myndverk eftir börnin eru sýnileg á veggjum leikskólans. Bækur eru aðgengilegar börnunum á öllum deildum og ritmál mjög sýnilegt. Stafróf sem tengist verkefni *Lubbi finnur málbein* er sýnilegt og mikið er um merkingar með ritmáli í umhverfinu. Einnig eru tölustafir sýnilegir.

Við hliðina á leikskólalóðinni er skógur og trjálundur þar sem búið er að útbúa aðstöðu fyrir börnin til að leika sér. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttasal grunnskólans einu sinni í viku. Mikil brekka er frá leikskólanum upp að grunnskólanum sem reynir vel á úthald og þol barnanna. Dagskipulag er sameiginlegt fyrir leikskólann og skiptist dagurinn á milli frjáls leiks, hópastarfs og útiveru auk matartíma og hvíldar.

### Starfshættir

Í námskrá Birkilundar er talað um að í leikskólastarfinu fléttist saman á ýmsan hátt hugtökin leikur, vinna og nám. Aðal áhersla er lögð á frjálsan leik barna og er meðal annars eitt af markmiðunum í námskrá að veita börnunum tækifæri til að læra og þroskast í gegnum leik. Á vettvangi sást að frjálsum leik barnanna er gefið mikið vægi og leikurinn einkennist af miklu frumkvæði og sköpun hjá börnunum og þeim er leyft að ráða för út frá áhuga. Einu sinni í viku geta eldri börnin farið í frjálsum vali á milli deilda. Einnig kom fram að stundum er flæðandi hópastarf en þá mega börnin koma og vinna ákveðið verkefni þegar þau eru tilbúin.<sup>45</sup> Könnunarleikur er á tveimur yngri deildunum og mikið er lagt upp úr læsi í leikskólanum en unnið er með verkefnið *Lubbi finnur málbein*. Tákn með tali er sýnilegt í umhverfinu. Stuðst er við verkefnið *Leikur að læra* og sáu matsaðilar það í hreyfistund í íþróttasal grunnskólans. Dagleg útivera og vettvangsferðir eru á dagskipulagi. Tónlistarkennari kemur vikulega og er með tónlistarstund fyrir börnin. Öll börn fá tónlistarstund hálf mánaðarlega og hreyfistund í íþróttasal á móti.

Deildarstjórar leiða uppeldis- og menntastarfið á deildum, leiðbeina ófaglærðu starfsfólki og skipuleggja dreifingu starfsmanna á vinnusvæði. Á vettvangi sást að til er vinnuskipulag og vinnuskipting starfsmanna. Í samskiptum starfsfólks við börnin er lögð áhersla á umhyggju, virðingu, gleði og að hlusta á þau. Á vettvangi mátti sjá að starfsfólk var nálægt börnunum við leik, það beygði sig niður til að ná augnsambandi við þau. Einnig sat það á gólfinu, á lágum stólum og við borð til að fylgjast með og taka þátt í leik barnanna. Sjá mátti virka hlustun hjá starfsfólki á vettvangi, það sýndi leik barnanna áhuga, leiðbeindi, spjallaði við þau og hvatti áfram. Í rýnihópum kom fram að gott samstarf er á milli

45 Rýnihópur deildarstjóra.

deilda og gott sé að leita til samstarfsfólks um hugmyndir og ráð. Í rýnihópum kom einnig fram að flest starfsfólk telur að það fái tækifæri til að sýna frumkvæði og bera ábyrgð í starfi. Samræmt verklag er við krefjandi hegðun barna en unnið er með SMT en það er agakerfi og leið til að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og kennara. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð kennara gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.<sup>46</sup> Börnin voru spurð hvað gert væri ef einhver væri að gera það sem er bannað. Svöruðu þau: „Kennarinn lætur mann hætta að gera“.<sup>47</sup> Í skólanámskrá er fjallað um að unnið sé með *Stig af stigi* en það er námsefni fyrir tvo elstu árganga leikskólans og grunnskólabörn. Markmiðið er að þjálfa og bæta félags- og tilfinningaþroska barna.

### Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í jafnréttisáætlun Birkilundar er talað um að leikefni og viðfangsefni skuli höfða til allra barna. Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir og að starfsfólk hafi tækifæri til að sækja sér fræðslu. Markvisst skal unnið gegn kynímynd stúlkna og drengja og leikefni er yfirfarið reglulega með þetta í huga.<sup>48</sup>

Í frjálsum leik fá börnin að velja það sem þau vilja leika með og mega skipta um verkefni að vild. Hópastarf er yfirleitt ákveðið fyrir fram en í einstaka tilfellum eru börnin spurð. Oft í lok dags eru elstu börnin spurð hvað þau vilja gera næsta dag og er það undirbúið áður en þau fara heim. Í samverustundum fá þau stundum að velja lög sem eru sungin og bækur til að lesa.<sup>49</sup> Í rýnihópi barna kom fram að þau segja að þau megi stundum ráða þegar þau eru ein inni og þegar hin eru að koma, þá megi þau ráða hvað þau setja á borðið.<sup>50</sup> Börnin eru hvött til sjálfshjálpar, til dæmis að klæða sig í og úr í fataklefa. Á elstu deildinni skömmtuðu börnin sér sjálf í matartíma og voru dugleg að rétta áfram til næsta barns.

Í rýnihópum kom fram að starfsfólk ákveður reglurnar í samræmi við SMT og eru þær ræddar í barnahópnum. Börnin gátu nefnt nokkrar reglur og sögðu að kennararnir hefðu ákveðið þær. Fram kom í rýnihópi deildarstjóra að þeir hafa áhuga á að endurskoða reglurnar hjá yngstu börnunum með tilliti til aldurs og þroska barnanna.<sup>51</sup>

### Námssvið

Í skólanámskrá er fjallað um hvernig unnið er með grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá og hvernig námssviðin eru undirstaða náms barnanna í leikskólanum. Þessi námssvið skarast öll að meira eða minna leyti og haldast í hendur við leik, daglegt starf og lífsleikni barnanna.<sup>52</sup>

Eitt af markmiðum lestrarstefnu Skagafjarðar er að skapa samfellu í læsinnámi barna og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er í hverjum skóla. Þar er meðal annars fjallað um markmið og leiðir í lestri og lesskilning eins til tveggja ára barna, þriggja til fjöggra og fimm ára barna.<sup>53</sup>

Í Birkilundi er unnið með læsi í gegnum daglega samveru, lestur og spjall í samverustundum. Í hópastarfi er mikil áhersla lögð á málrækt og börnin hvött til frásagnar og samræðna við hinar ýmsu athafnir daglegs starfs svo sem við matarborðið, í fataklefa og á skiptiborðinu. Unnið er með *Lubbi finnur málbein* í hópastarfi og stafur vikunnar er sýnilegur. Á vettvangi er sýnilegt að mikil áhersla er lögð á læsi í öllu leikskólastarfinu. Stafróf og tölustafir eru sýnilegir í öllu umhverfinu og mikið er um merkingar svo sem á leikföngum og öðrum efnivið. Börnin hafa aðgang að stöfum og orðum sem þau geta nýtt í leik. Mikið er til af heimatilbúnum kennslugögnum til að nota við málrækt. Á öllum deildum er aðgengi barna að bókum gott.

Leikskólinn leggur ríka áherslu á heilbrigði og líðan barnanna. Bæði í frjálsum leik og skipulögðu starfi. Lögð er áhersla á útiveru og daglega hvíld. Maturinn kemur frá eldhúsi grunnskólans og í rýnivíðtölum kom fram að starfsfólk leikskólans kemur ekki að gerð matseðils. Leikskólinn hefur íþróttahúsið til afnota þegar grunnskólinn er ekki að nýta það en einu sinni í viku fara öll börnin þriggja ára og eldri í skipulagðar stundir aðra hverja viku. Starfsfólk er duglegt að nota umhverfi leikskólans til útináms og er skógurinn mikið notaður.

46 Starfsáætlun Birkilundar 2021-2022.

47 Rýnihópur barna.

48 Jafnréttisáætlun Birkilundar.

49 Rýnihópur starfsfólks, kennara og deildarstjóra.

50 Rýnihópur barna.

52 Rýnihópar starfsmanna, kennara, deildarstjóra og barna.

53 Námskrá Birkilundar.



Í sambandi við sjálfbærni og vísindi er lífrænt sorp flokkað og tekur starfsfólk það heim með sér til að gefa dýrum. Pappír og plast er einnig flokkað. Unnið er með Numicon og eru tölustarfir sýnilegir. Hluti af leiksfangakosti leikskólans er opinn efniviður sem styður við stærðfræði og vísindi og má þar nefna einingakubba og legokubba. Í vettvangsferðum og útinámi fá börnin tækifæri til að rannsaka og kanna. Könnunarleikur er hjá yngstu börnunum.

Unnið er með listsköpun inni á deildum, í hópastarfi og frjálsum leik. Lítið er um menningarviðburði fyrir börn í sveitafélaginu en reynt er að vera vakandi fyrir því sem er í boði og taka þátt.

## Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað, gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli aðila. Í vettvangsferð sáu matsaðilar sjálfstæð, glöð, skapandi og starfssöm börn. Samskipti starfsmanna við börnin voru uppbyggileg og starfsfólk sýndi þolinmæði og var nálægt börnunum í leik.

Í rýnihópi barna kom fram að þeim líður vel í leikskólanum og að þau eru glöð að koma. Einnig sögðu þau að þegar þau meiði sig þá huggi kennari þau og ef einhver sé að stríða þá nái þau í kennara, segi stopp eða hættu.<sup>54</sup> Í rýnihópi foreldra kom fram almenn ánægja með leikskólann og telja foreldrar að börnunum líði vel þar. Þeir segja að viðmót sé gott og að börnunum sé mætt þar sem þau eru og að vinátta, virðing og samvinna sé ríkjandi. Einnig sögðu þeir að það sé eftirtektarvert hvernig starfsfólk leiðbeini börnunum.<sup>55</sup>

## Mat á námi og velferð barna

Skimunarprófið *Hljóm-2* sem kannar hljóð- og málvitund barna, er lagt fyrir öll fimm ára börn að hausti. TRAS skráningarlistinn er fylltur út tvisvar á ári og er gerður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Einnig er notast við Gerd Strand lista sem er huglægt mat á gróf- og fínhyfingum, hegðun, máli og tali, virkni, samskiptum og þekkingu hjá fjöggra ára börnum. Íslenski máhljóðamælirinn sem er nýleg lausn í skimunartækni er notaður ef við á en hann segir til um hvort framburður barnsins samsvarar getu jafnaldr á því sviði. Deildarstjórar bera ábyrgð á þessari vinnu í samstarfi við annað starfsfólk deildarinnar. Í samstarfi við talmeinafræðing og foreldra er Orðaskil notað en það metur málþroska átján mánaða til þriggja ára barna. Íslenski smábarnalistinn og íslenski þroskalistinn eru notaðir þegar það á við. Aldursskiptir gátlistar eru notaðir til að undirbúa foreldrasamtöl og ferilmöppur barnanna eru einnig skoðaðar í samtölunum.<sup>56</sup> Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar telja sig fá reglulega greinagóðar upplýsingar um þroska og framfarir barna sinna.<sup>57</sup>

## Styrkleikar

- Fjölbreyttur efniviður er til staðar og aðgengi barnanna á eldri deildum að honum er gott.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar utan leikskólalóðar eru góð og er starfsfólk duglegt að nýta þau.
- Unnið er markvisst með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár í leikskólastarfinu.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barna.

## Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að námsumhverfi yngstu barnanna með tilliti til aðgengis þeirra að leikföngum.
- Auka mætti lýðræðisþátttöku barna í leikskólanum.

54 Rýnihópur barna.

55 Rýnihópur foreldra.

56 Rýnihópur deildarstjóra.

57 Rýnihópur foreldra.

## Foreldrasamvinna og ytri tengsl

### Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar. Kosning fulltrúa fer fram á foreldrafundi að hausti en fram kom í rýnihópi að það sé erfitt að fá fólk til að bjóða sig fram. Ekki eru til skráðar reglur eða starfsáætlun fyrir foreldraráð. Leikskólastjóri boðar til fundar með dagskrá en fundargerðir eru ekki ritaðar. Aðalverkefni foreldraráðs er að samþykkja og gefa umsögn um skólánámskrá, skóladaगतal og starfsáætlun leikskólans.

Foreldrafélag er starfandi en ekki hafa verið gerðar starfsreglur og fundargerðir eru ekki ritaðar. Leikskólastjóri er tengiliður við stjórn foreldrafélagsins og situr oft fundi með henni. Helstu verkefni foreldrafélagsins eru að halda sumarhátíð, standa fyrir leiksýningu ef hún er í boði í sveitafélaginu, börnin fá sumargjöf heim og leikskólanum eru gefnar bækur. Í covid veitti foreldrafélagið starfsfólki viðurkenningu í formi gjafar. Fram kom í rýnihópum að foreldrafélagið er stuðningur við leikskólastarfið.<sup>58</sup>

Til er kynningarrit um leikskólann sem foreldrar fá þegar barnið byrjar. Aðlögun nýrra barna tekur um viku og er til sérstök áætlun um það sem foreldrum er kynnt í upphafi leikskólagöngu. Að hausti er haldinn foreldrafundur með öllum foreldrum þar sem rætt er hvað er framundan yfir veturinn, kosið er í foreldraráð og stjórn foreldrafélagsins. Foreldrasamtal er einu sinni á ári þar sem rætt er um líðan og þroska barnsins. Deildarstjórar hafa viðtalstíma einu sinni í viku. Í rýnihópum kom fram að viðtalstímarnir væru mikið notaðir.<sup>59</sup> Heimasíða leikskólans er ekki mikið notuð fyrir upplýsingar um hvað er að gerast í leikskólanum eða hvað er framundan. Fram kom að hún væri þung í notkun og erfitt að setja inn á hana, einnig kom fram að foreldrar færu lítið þangað inn.<sup>60</sup> Mánaðarlega sendir leikskólastjóri tölvupóst til foreldra með mánaðar dagatali þar sem upplýsingar um helstu viðburði mánaðarins koma fram. Auk þess sendir leikskólastjóri tölvupósta eftir þörfum.<sup>61</sup> Deildarnar eru með facebook-síðu þar sem deildarstjórar setja inn upplýsingar og myndir á föstudögum. Upplýsingatafla er við hverja deild en í covid hefur hún ekki verið notuð. Mikið er lagt upp úr daglegum samskiptum þegar komið er með börnin og þau sótt. Foreldrar yngstu barnanna fá upplýsingar þegar þeir sækja börnin um m.a. hvernig þau hafa borðað og sofið. Fram kom að foreldrar óski eftir að leikskólinn noti Karellen kerfið til að þeir geti sótt sér meiri upplýsingar frá leikskólanum.<sup>62</sup>

### Viðhorf foreldra

Í rýnihópi foreldra kom fram að viðhorf þeirra til leikskólans er gott. Þeir voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, starfsmenn og stjórnendur. Þeir sögðust eiga góð samskipti við leikskólastjóra og starfsfólk og sögðu að viðhorf starfsfólks til barnanna einkenndust af virðingu og hlýju. Einnig telja foreldrar að börnunum sé mætt þar sem þau eru. Foreldrar tala um að vinátta og virðing ríki í leikskólanum og að samvinna sé á milli deilda og starfsfólks. Foreldrum var tíðrætt um húsnæði leikskólans en umsögn foreldraráðs um húsnæðismál má sjá í viðhengi með starfsáætlun 2020–2021.<sup>63</sup>

Í foreldrakönnun skólalúpsins frá því í febrúar 2021 kemur fram að foreldrar eru ánægðir með leikskólann stjórnun hans, samskipti við starfsfólk og börn eru góð, einnig telja þeir að börnunum líði vel í leikskólanum. Fram kemur að ánægja er með námsumhverfi leikskólans. Athugasemdir koma fram varðandi upplýsingar og þátttöku foreldra við flutning barna milli skólastiga. Í könnuninni segjast yfir 50% foreldra vera mjög óánægðir með húsnæði leikskólans.<sup>64</sup>

### Samstarf við grunnskóla

Í upplýsingariti leikskólans kemur fram að verkefnið *Gaman saman* er samstarfsverkefni Birkilundar og Varmahlíðarskóla sem ætlað er að skapa grundvöll að félagslegum samskiptum á milli eldri og yngri barna og gefa leikskólabörnunum kost á að kynnast bæði húsnæði og kennurum Varmahlíðarskóla. Elstu börn leikskólans fara í heimsóknir í alla bekkir í Varmahlíðarskóla í ýmsar kennslugreinar og kynnast þannig húsnæði, nemendum og kennurum grunnskólans. Nemendur allra bekkja Varmahlíðarskóla koma í heimsóknir í leikskólann, sem skapar meiri tengingu milli leikskólabarna og grunn-

58 Rýnihópur foreldra og viðtal við leikskólastjóra.

59 Rýnihópur deildarstjóra og foreldra.

60 Rýnihópur deildarstjóra, foreldra og viðtal við leikskólastjóra.

61 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

62 Rýnihópur foreldra og deildarstjóra. Viðtal við leikskólastjóra.

63 Rýnihópur foreldra.

64 Sjálfsmatskýrsla 2020–2021.

skólanemenda. Nemendum áttunda til tíunda bekkjar stendur til boða leikskólaval. Þau sem fara í það koma í leikskólann í klukkutíma einu sinni í viku í eina önn og taka þátt í starfinu. Kennarar fylgja nemendum í heimsóknir og verða því meðvitaðri um starfið sem fram fer í hvorri skólastofnun fyrir sig. Á hverju skólaári mun kennari úr Birkilundi fylgjast með starfi í fyrsta bekk hluta úr degi og kennari úr Varmahlíðarskóla dvelur í Birkilundi hluta úr degi og fylgist með starfinu hjá elstu börnunum. Foreldrum elstu barna leikskólans er boðið með í eina heimsókn í Varmahlíðarskóla. Þá er gengið um skólann og litið inn í ýmsar stofur. Einu sinni á ári kemur allt starfsfólk beggja skólanna saman til endurmats og náms.<sup>65</sup> Til viðbótar við það sem fram kemur í Upplýsingaritinu segir í Starfsáætlun 2020–2021 að fyrsti bekkur Varmahlíðarskóla og elsti árgangur Birkilundar séu saman í kennslustundum á fimmtudögum í sameiginlegri umsjá kennara Birkilundar og Varmahlíðarskóla. Viðfangsefni þessara kennslustunda eru af ýmsum toga. Þau eru ýmist unnin í Varmahlíðarskóla, Birkilundi eða utan dyra. Að loknum þessum kennslustundum eru frímínútur og síðan er hópurnir saman í íþróttum hjá íþóttakennara Varmahlíðarskóla og kennurum úr Birkilundi. Markmið þessara kennslustunda er að auka samfellu í námi barnanna, gefa hópnum tækifæri til þess að halda tengslum þrátt fyrir að þau séu sitt á hvoru skólastiginu og gefa kennurum tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu sín á milli.<sup>66</sup> Teymi úr grunnskólanum og leikskólanum setur niður dagskrá fyrir veturinn.<sup>67</sup>

Skólaskil eru með formlegum hætti. *Staða barns við lok leikskóla* er eyðublað sem fyllt er inn í fyrir hvert barn í elsta árgangi leikskólans. Þetta blað fylgir barninu ásamt munnlegum skilum að vori á skilafundi með Varmahlíðarskóla. Foreldrar fá að sjá þessar upplýsingar áður en þeim er komið til grunnskólans.<sup>68</sup>

### Annað samstarf

Að vori er vinadagur leikskóla í Skagafirði; þá hittast elstu börnin í leikskólum sveitafélagsins á Sauðárkróki. Elstu börnin fara í heimsókn í Byggðarsafnið í Glaumbæ að hausti og fjögur ára börnin fara í Víðimýrarkirkju sem er í eigu Þjóðminjasafnsins. Markmið þessara heimsókna er að kynna börnunum gamla tímann. Verkefnið Logi og Glóð er unnið í samstarfi við slökkviliðstjóra sveitafélagsins.

### Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi.
- Til er upplýsingarit um leikskólann sem foreldrar fá þegar barnið byrjar í leikskólanum.
- Deildarstjórar eru með auglýstan viðtalstíma einu sinni í viku.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er gott og telja þeir að vinátta og virðing ríki þar.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Mikið og gott samstarf er við Varmahlíðarskóla og til er skriflega áætlun um það.
- Stöðu barns við lok leikskóla er formlega fylgt eftir yfir í grunnskólann.

### Tækifæri til umbóta

- Foreldraráð þarf að gera sér starfsáætlun og vinnureglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.

65 Leikskólinn Birkilundur upplýsingarit.

66 Starfsáætlun Birkilundar 2021-2022.

67 Viðtal við leikskólastjóra.

68 Námskrá Birkilundar.

## Skóli án aðgreiningar

### Skólabjónusta og sérkennsla

Deildarstjórar bera ábyrgð á sérkennslu á sinni deild en sérkennslustjóri er ekki starfandi í leikskólanum. Fræðslustjóri Skagafjarðar er yfirmaður sérfræðipjónustu í sveitarfélaginu og leitar leikskólinn þangað með ráðgjöf og greiningu. Hjá sveitarfélaginu er starfandi talmeinafræðingur, þroskaþjálfari og sérfræðingur á fjölskyldusviði.<sup>69</sup> Einnig kom fram í rýnihópum að sálfræðingur starfi sem verktaki. Ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni er gerð forgreining í leikskólanum en til þess eru notaðir ýmsir þroskalistar og athuganir. Haft er samband við foreldra og þeir upplýstir um stöðu barnsins. Ef leikskólinn getur ekki leyst úr þeim frávikum sem upp koma fer í gang ferli þar sem barni er vísað til sérfræðipjónustu fjölskyldusviðs Skagafjarðar. Send er inn beiðni með undirskrift foreldra og leikskólalastjóra.<sup>70</sup> Fram kom í rýnihópi að fjölskylduráðgjafi fundi einu sinni í mánuði með deildarstjórum þar sem ýmis málefni eru rædd. Einnig kom fram að talmeinafræðingur eigi að koma einu sinni í mánuði í leikskólann og fylgja eftir börnum sem þurfa málþjálfun en mikil misbrestur er á að þessar heimsóknir standist. Deildarstjórar geta sent erindi beint á talmeinafræðing ef frávik eru í málþroska. Ef við á er gerð einstaklingsnámskrá sem deildarstjóri ber ábyrgð á. Óljóst er hve oft hún er endurmetin, hvort skipað er teymi um barnið og hvort reglulega séu haldnir teymisfundir. Sérkennsla fer að mestu fram í barnahópnum en ef þurfa þykir er barnið tekið út úr hópnum. Allt starfsfólk er upplýst um þroskafrávik barna. Aðstaða til sérkennslu er léleg en nóg er til af kennslugögnum. Starfsfólk er hvatt til að sækja sér fræðslu um þroskafrávik eins og við á.<sup>71</sup> Í rýnihópi kennara kom fram að þeim finnst þeir ekki fá næga ráðgjöf eða stuðning til að mæta þörfum allra barna.<sup>72</sup> Fram kom að lítið er um sérkennslubörn í leikskólanum.<sup>73</sup>

Teymi barna er samstarfsverkefni Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og Fjölskyldusviðs sveitarfélagsins Skagafjarðar. Teymið hefur það að markmiði að hafa yfirsýn yfir og samræma starfsemi þjónustustofnana í þágu barna og fjölskyldna þeirra.<sup>74</sup>

### Börn með annað móðurmál en íslensku

Lítið er um börn með annað móðurmál en íslensku og ekki er til móttökuáætlun fyrir þau börn. Mikil áhersla er lögð á málrækt í öllu leikskólastarfinu og ef þurfa þykir er sérstaklega unnið með börn með annað móðurmál en íslensku. Fram kom í rýnivíðtali að ekki hafi reynt á túlkapjónustu í samstarfi við foreldra.<sup>75</sup>

### Styrkleikar

- Fjölskyldusvið Skagafjarðar heldur utan um sérkennslumál í leikskólanum.
- Allt starfsfólk fær upplýsingar um sérkennslubörn.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.

### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir, komi upp grunur um þroskafrávik hjá barni og hafa aðgengilegt á heimasíðu.
- Leita ætti leiða til að skipulagður tími talmeinafræðings í leikskólanum falli ekki niður.
- Leita þarf leiða til að bæta aðstöðu til sérkennslu.
- Leita ætti leiða til að starfsfólk fái þá ráðgjöf og stuðning sem það telur sig þurfa til að sinna öllum börnum.
- Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.

69 Starfsáætlun 2021-2022.

70 Viðtal við leikskólalastjóra, rýnihópur deildarstjóra og starfsáætlun 2021-2022.

71 Viðtal við leikskólalastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

72 Rýnihópur kennara.

73 Rýnihópur deildarstjóra og kennara og viðtal við leikskólalastjóra.

74 Starfsáætlun 2021-2022.

75 Rýnihópur deildarstjóra og viðtal við leikskólalastjóra.

## Innra mat

### Skipulag og viðfangsefni

Notast er við sjálfsmatsaðferðina *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Það er skosk sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi aðferðina yfir á íslensku. Í leikskólanum Birkilundi er samkvæmt þessari aðferð lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eins og við á. Leikskólastjóri og deildarstjórar skipa sjálfsmatsteymi leikskólans og sjá um að velja gæðaviðmið fyrir sjálfsmat skólans samkvæmt sjálfsmatsaðferðinni og að hafa eftirfylgni með mats- og umbótaáætlunum. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á.<sup>76</sup>

### Gagnaöflun og vinnubrögð

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu. Fyrsti lykilþátturinn er forysta og stjórnun, annar námsskilyrði og þriðji velgengni og árangur. Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi: í fyrsta lagi, hvernig stöndum við okkur? Í öðru lagi, hvernig vitum við það? Í þriðja lagi, hvað gerum við næst? Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnargjöf á bilinu einn til sex. Sett eru fram viðmið um einkunnina fimm eða mjög gott, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Sex er einungis notað ef skólinn er framúrskarandi á landsvísu.

Framkvæmd matsins fer fram á starfsmannfundum og skipulagsdögum. Starfsmönnum er skipt niður í matshópa. Tvö matseyðublöð fylgir hverjum gæðagreini, annars vegar dæmi um gæðaviðmið og hins vegar dæmi um gagnlegar spurningar sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.<sup>77</sup> Þróunaráætlun er unnin samhliða matinu.

### Opinber birting og umbætur

Gerð er sjálfsmatsskýrsla og er hún birt á heimasíðu leikskólans. Í henni koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og helstu niðurstöður matsins. Í umbótaáætlun kemur fram hvað þarf að gera, hvað þarf til og áætlun/staða mála. Ekki kemur fram hver ber ábyrgð á framkvæmd umbóta og tíma- setningu þeirra. Í sjálfsmatsskýrslu Birkilundar 2020–2021 er umbótaáætlun skólaársins 2020–2021 og staða umbóta fyrir það leikskólaár. Þar er tilgreint hvað hefur verið gert í umbótum og hvenær. Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2021–2022 er ekki sýnileg. Í rýnihópum kom fram að starfsfólk kannaðist ekki við umbótaáætlun.<sup>78</sup> Umbótaáætlun er ekki borin undir foreldraráð en það fær hana senda til kynningar.<sup>79</sup>

### Styrkleikar

- Sjálfsmat er unnið kerfisbundið.
- Brugðist er við niðurstöðum úr mati, sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.
- Til er matsáætlun til þriggja ára.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og nýttar í innra mat.
- Gerð er sjálfsmatsskýrsla sem er birt á heimasíðu leikskólans.

76 Sjálfsmatsskýrsla Birkilundar veturinn 2020–2021.

77 Sjálfsmatsskýrsla Birkilundar veturinn 2020–2021.

78 Rýnihópur starfsfólks og kennara.

79 Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

### Tækifæri til umbóta

- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats, t.d. með stofnum matsteymis sem í sitja stjórnendur, kennarar, starfsfólk og foreldrar eða með aðkomu foreldraráðs.
- Huga þarf að þátttöku barna í innra mati leikskólans.
- Í greinargerð um innra mat skal fjalla um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Tímasetja umbætur í umbótaáætlun, tilgreina ábyrgðaraðila og hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.
- Kynna starfsfólki umbótaáætlun leikskólans.

## Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

**A > 3,6 – 4 = grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

**B > 2,6 – 3,5 = ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

**C > 1,6 – 2,5 = gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

**D > 1,0 – 1,5 = rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			



## Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Birkilunds: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

### Styrkleikar

- Útileiksvæði og umhverfi leikskólans býður upp á fjölbreytt tækifæri til náms, leikja og hreyfingar.
- Leikskólinn er kominn vel á veg með að uppfylla ákvæði laga um hlutfall kennara.
- Húsnæði leikskólans er vel nýtt, snyrtilegt og vel um gengið.
- Sveitarfélagið hefur sett fram menntastefnu og lestrarstefnu.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal eru aðgengileg á heimasíðu.
- Sveitarfélagið býður upp á námskeið og styrkir starfsfólk til náms með vinnu.
- Deildarstjórar gera deildaráætlun sem hluta af starfsáætlun leikskólans.
- Undirbúningstímar falla nánast aldrei niður.
- Allt starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Starfsfólk er hvatt til að sækja sér símenntun og leikskólastjóri heldur skrá yfir símenntun starfsmanna.
- Skólabragur og starfsandi er góður.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni og er stolt af starfi sínu.
- Fjölbreyttur efniviður er til staðar og aðgengi barnanna á eldri deildum að honum er gott.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar utan leikskólalóðar eru til staðar og er starfsfólk duglegt að nýta þau.
- Unnið er markvisst með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár í leikskólastarfinu.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barna.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi.
- Til er upplýsingarit um leikskólann sem foreldrar fá þegar barnið byrjar þar.
- Deildarstjórar eru með auglýstan viðtalstíma einu sinni í viku.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er gott og telja þeir að vinátta og virðing ríki þar.



- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Mikið og gott samstarf er við Varmahlíðarskóla og til er skriflega áætlun um það.
- Stöðu barns við lok leikskóla er formlega fylgt eftir í grunnskólann.
- Fjölskyldusvið Skagafjarðar heldur utan um sérkennslumál í leikskólanum.
- Allt starfsfólk fær upplýsingar um sérkennslubörn.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Sjálfsmat er unnið kerfisbundið.
- Brugðist er við niðurstöðum úr mati sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.
- Til er matsáætlun til þriggja ára.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og nýttar í innra mat.
- Gerð er sjálfsmatsskýrsla sem er birt á heimasíðu leikskólans.

### Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar það að lágmark 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Húsnæði uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 s.s. rými fyrir sérfræðiþjónustu, fjölnotarými, vinnurými starfsmanna, setustofu starfsmanna o.fl. og er brýnt að bæta úr því.
- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hugmyndafræði og stefnu leikskólans, hvernig vinna á að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tengsl við mennta og lestrarstefnu Skagafjarðar.
- Í endurskoðaðri skólanámskrá ætti að gera grein fyrir sérfræðiþjónustu, hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig foreldrar og börn eru þátttakendur í innra mati leikskólans, hæfnisþáttum í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.
- Vinna ætti starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Æskilegt er að endurskoða starfsmannahandbók og þar með áfallaáætlun, kynna og hafa aðgengilega öllu starfsfólki.
- Gera þarf verkferla fyrir móttöku og handleiðslu nýs starfsfólks.
- Vinna þarf verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Skoða ætti hvernig bæta megi upplýsingastreymi innan leikskólans.
- Skrá ætti fundargerðir á deildarfundum.
- Leita þarf leiða til að styrkja og handleiða leikskólastjóra sem faglegan leiðtoga.
- Huga þarf að námsumhverfi yngstu barna með tilliti til aðgengi þeirra að leikföngum.
- Auka mætti lýðræðisþátttöku barna í leikskólanum.

- Foreldraráð þarf að gera sér starfsáætlun og vinnureglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir \*komi upp grunur um þroskafrávik hjá barni og hafa aðgengilegt á heimasíðu.
- Leita ætti leiða til að skipulagður tími talmeinafræðings í leikskólanum falli ekki niður.
- Leita þarf leiða til að bæta aðstöðu til sérkennslu.
- Leita ætti leiða til að starfsfólk fái þá ráðgjöf og stuðning sem það telur sig þurfa til að sinna öllum börnum.
- Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnum matsteymis sem í sitja stjórnendur, kennarar, starfsfólk og foreldrar eða með aðkomu foreldraráðs.
- Huga þarf að þátttöku barna í innra mati leikskólans.
- Í greinargerð um innra mat skal fjalla um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Tímasetja umbætur í umbótaáætlun, tilgreina ábyrgðaraðila og hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.
- Kynna starfsfólki umbótaáætlun leikskólans.

## Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Birkilundi leiðir í ljós gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Hátt menntunarstig, áhugasemi og mikill mannauður er í starfsmannahópnum. Sveitarfélagið hefur sett fram mennta- og lestrarstefnu og styður við símenntun starfsmanna. Skólabragur og starfsandi er góður og starfsfólk er stolt af starfi sínu og líður vel í vinnunni. Markvisst er unnið með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár í leikskólastarfinu. Viðhorf foreldra til leikskólans er gott og telja þeir að vinátta og virðing ríki í leikskólanum. Foreldrar telja að vel sé staðið að upplýsingagjöf til þeirra. Mikið og gott samstarf er við grunnskóla Varmahlíðar og til er skrifleg áætlun um það. Tækifæri leikskólans til umbóta felast m.a. í því að bæta lýðræðislega þátttöku barnanna til að hafa áhrif á leikskólastarfið. Jafnhliða endurskoðun á skólanámskrá út frá aðalnámskrá ættu að fara fram umræður m.a. um hugmyndafræði og stefnu leikskólans, gildi og einkunnarorð og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í leikskólastarfinu. Brýnt er að ráðast í úrbætur á húsnaðismálum leikskólans, sbr. greinargerð foreldraráðs í starfsáætlun Birkilundar 2020–2021.

## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef nóvember 2021.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Ársáætlun Birkilundar 2021–2022.

Heimasíða Skagafjarðar.

Jafnréttisáætlun Birkilundar.

Leikskóladagatal Birkilundar 2021–2022.

Leikskólinn Birkilundur upplýsingarrit:

<https://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/gagnabanki/upplysingarit/kynningarrit-2018.pdf>.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Lestrarstefna Skagafjarðar.

Námskrá Birkilundar.

Námsstefna Skagafjarðar.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Sjálfsmatskýrsla 2020–2021.

Starfsáætlun Birkilundar.

Viðtöl:

Símtal við fræðslustjóra Skagafjarðar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp kennara.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.



